

Leiðbeiningar umsjónarmanna



BEBRAS

Tölvuáskorun



Upplýsingar og hugmyndir

Bebras tölvuáskoruninni er ætlað að kynna hugmyndafræði og grunnhugsun forritunar (e. computational thinking) fyrir nemendum. Bebras er ókeypis og krefst ekki að þátttakendur hafi fyrir þekkingu á stafrænni tækni, þrátt fyrir að þrautirnar séu stundum um tengd málefni.

Áskorunin er keyrð árlega í eina viku í nóvember og er einungis opin þá daga. Stundum er boðið upp á aukaviku og er þá áskorunin opin í tvær vikur. Hægt er að sjá á www.bebas.is hvaða dagar eru á hverju ári.

Áskorunin sjálf tekur 45 mínútur og getur nemandi spreytt sig einu sinni á því tímabili sem áskorunin er opin. Veljið þá dagsetningu og tíma dags sem hentar ykkar nemendum sem best. Ef ekki eru til staðar nægilega margar tölvur fyrir alla nemendur má skipta upp í minni hópa og láta nemendur taka þátt á mismunandi tímum/dögum. Í þeim tilvikum er æskilegt að reyna að takmarka samskipti milli nemenda sem lokið hafa áskoruninni og þeirra sem eiga eftir að ljúka henni.

Svörin eru gefin út til kennara 1-2 vikum eftir að Bebras- vikunni er lokið og er þá hægt að fara yfir svörin með nemendum. Nemendur geta þá skráð sig inn á www.bebas.is, farið yfir svörin sín og endurtekið áskorunina – í skoðunarham. Kennarar geta einnig hlaðið niður ítarlegum upplýsingum um hvernig nemendum vegnaði og nýtt þær upplýsingar við frekari kennslu.

Hugmyndir um hvernig hægt er að nýta Bebras:

- Að leyfa þeim nemendum sem fá hæstu einkunnirnar að spreyta sig á þrautunum sem eru ætlaðar fyrir eldri nemendur til að þeir fái frekari áskorun.
- Að leyfa þeim nemendum sem fá lægstu einkunnirnar að spreyta sig á þrautunum sem ætlaðar eru yngri nemendum til að auka sjálfstraust nemenda.
- Minnst á Bebras þrautirnar við kennslu til að nemendur tengi við tiltekin kennsluefni.
- Nýta gögnin frá bekknum eða skólanum til að kynna tölvuhugsun fyrir nemendum. Þar sem þeir tóku allir þátt í áskoruninni þá ættu þeir að geta tengst efninu betur.

Rétt er að benda á að það eru 2 vefsvæði í gangi:

- www.bebas.is/admin fyrir umsjónarmenn skóla til að setja inn nemendur og fleira sem tengist umsýslu við áskorunina.
- www.bebas.is sem nemendur fara inná til að taka þátt í áskoruninni.

Einnig er boðið uppá áskorunina á ensku fyrir þá nemendur sem ekki skilja íslensku og velja þá þeir nemendur ensku áskorunina sem birtist fyrir neðan þá íslensku.

Reynt hefur verið að þýða vefsvæðið eins og hægt er en við þiggjum alltaf ábendingar ef þið rekist á enskan texta, sérstaklega í því viðmóti sem nemendur nota (sendið t.d. PrintScreen á sky@sky.is).



Skráning umsjónarmanna

Til að skrá umsjónarmann skóla, er farið á www.bebas.is/admin og smelt á „Skrá mig sem umsjónarmann“. Fylla skal inn þær upplýsingar sem óskað er eftir og velja notandanafn og lykilorð. Muna endilega lykilorðið :-)

Byrjað er á að velja svæðið sem þinn skóli tilheyrir, síðan borg/bæ og svo skólann sem þú ert í forsvari fyrir. **Passið að velja skólann úr listanum ef hann birtist!** (Ef skólinn er ekki í listanum þá er nafn skólans skrifað í svæðið „Finna skóla“ til að stofna hann).

Bebras umsjónarsíða

Skráning (2/2)

Skóli

Skóli Nýjiskóli
Borg/bær Reykjanesbær
Svæði Suðurnes

Umsjónamaður

Tölvupóstur *

Notandanafn *

Lykilorð *

Lykilorð (endurtekið) *

Fornafn *

Eftirnafn *

Kyn

Þegar umsjónarmaður hefur verið skráður **þarf að bíða eftir samþykki** frá stjórnendum Bebras á Íslandi. Samþykki ætti að vera komið innan sólahrings í tölvupósti. Eftir að umsjónarmaður hefur verið samþykktur þá mun hann fá sendan tölvupóst með notandanafninu en lykilorð er ekki sent með!

Eftir að umsjónarmaður hefur fengið staðfestingarpóst getur hann skráð sig inn á vefslóðina www.bebas.is/admin og stofnað nemendur fyrir áskorunina.



Skráning nemenda

Farið inn á vefslóðina www.bebbras.is/admin og skráið ykkur inn með notandanafni og lykilorði.

Hægt er að skrá nemendur annað hvort með því að lesa inn lista eða skrá hvern og einn handvirkt inn í kerfið.

Þegar nemendur eru stofnaðir þarf að skrá eftirfarandi upplýsingar:

- Bekkur/hópur (heiti bekkjar/hóps sem nemandi tilheyrir)
- Þyngdarstig (1 - 12)
- Fornafn (það má setja fullt nafn hér og hafa þá eftirnafn tómt)
- Eftirnafn
- Kyn

Ath. Þyngdarstig stýrir hvaða spurningapakka nemandi fær. Athugið að nota aðeins **eitt** þyngdarstig fyrir hvern nemanda:

Hópur	Aldursbil	Þyngdarstig
Frumstig	6-7	1 eða 2
Forstig	8-9	3 eða 4
Grunnstig	10-11	5 eða 6
Miðstig	12-13	7 eða 8
Unglingastig	14-15	9 eða 10
Framhaldsstig	16-18+	11 eða 12

Passið að nota **rétt** númer fyrir þyngdarstig (**ekki slá inn aldurinn því það er ekki það sama**).

Ef sett er 0 í þyngdarstig þá þarf nemandinn sjálfur að velja hvaða þyngdarstig hann ætlar að taka áskorunina fyrir en ekki er mælt með því.

Kerfið úthlutar nemendum notandanafni og lykilorði. Ef umsjónarmaður vill stýra hvaða notandanafn (og lykilorð) nemandi fær þá getur hann skráð það.



Lesi inn nemendur

Nafnalisti nemanda er búinn til í excel (eða öðru töflureiknisforriti). Hægt er að sækja nafnalista t.d. í Mentor til að nota sem grunn. (Dæmi um skrá til að fylla inn í er að finna undir "Skjöl").

Eftirfarandi dálkar þurfa að vera í skránni og í þessari röð:

Bekkur – Þyngdarstig (1-12, sjá töflu) – Fornafn – Eftirnafn – Kyn (kona/karl/autt)

Dæmi:

Bekkur	Þyngdarstig	Fornafn	Eftirnafn	Kyn
10.GV	10	Gunna	Jónsdóttir	kona
6.F	6	Siggi	Guðmundsson	karl
8.B	8	Blær	Baldurs	

Það má setja fullt nafn í svæðið *Fornafn*, en þá verður samt að vera til dálkurinn *Eftirnafn* þó hann sé tómur.

Bekkur	Þyngdarstig	Fornafn	Eftirnafn	Kyn
10.GV	10	Gunna Jónsdóttir		kona
6.F	6	Siggi Guðmundsson		karl
8.B	8	Blær Baldurs		

Til að lesa inn skrána með nemendalistanum er valið „Import files“ vinstra megin og smelt á hnappinn „Hlaða upp“.

Ský-skólinn

School name Ský-skólinn
Tegund skóla Skóli
Skólahópur Grunnskóli

Address
Heimilisfang 1 Skólavegi
Heimilisfang 2
Póstnúmer 105
Borg/bær Reykjavík
Svæði Höfuðborgarsvæðið

[Breyta](#)

Dashboard
Nemendur
Umsjónarmenn
Import files
Export files
Tölfræði
Skjöl

Import files

Hér er hægt að hlaða upp Excel skrá (XLS/CSV) með lista yfir nemendur.
Skráin þarf að innihalda í þessari röð dálkana: **Bekkur, Þyngdarstig, Fornafn, Eftirnafn og Kyn** (karl, kona, "autt")
(Hægt er að sækja dæmi um skrá til að fylla inn í undir "Skjöl" hér til hliðar)
Þegar búið er að hlaða upp skrá þá þarf að smella á "Import now" til að stofna nemendur í kerfinu.

[Hlaða upp](#)



Haka við þá dálka sem eru í innlestarskránni: Bekkur, Þyngdarstig, Fornafn, Eftirnafn og Kyn. (Passa að haka við „Kyn“ því það er ekki sjálfgefið.)

Draga skrána með nemendalistanum inn í „File“ kassann og smella á „Vista“ til að lesa hana inn.

Les inn skrá

Innlestrarskráin (CSV/XSL) þarf að innihalda dálkana: Bekkur, Þyngdarstig, Fornafn, Eftirnafn og Kyn. Dragðu skrána inn í "File" kassann og smelltu svo á "Vista".
Mundu eftir að haka við "Kyn" hér að neðan !!!

Hakaðu við þá dálka sem eru í innlestrarskránni:

- Bekkur
- Þyngdarstig
- Fornafn
- Eftirnafn
- Notandanafn
- Lykilorð
- Fæðingardagur
- Kyn
- Netfang

File

13.5 KB
Nemendur-innl...

Vista Hætta við

Þegar búið er að hlaða upp skrá þá þarf að smella á "Import now" til að stofna nemendur í kerfinu.

Import files

Hér er hægt að hlaða upp Excel skrá (XLS/CSV) með lista yfir nemendur. Skráin þarf að innihalda (í þessari röð) dálkana: **Bekkur, Þyngdarstig, Fornafn, Eftirnafn og Kyn** (karl, kona, "autt") (Hægt er að sækja dæmi um skrá til að fylla inn í undir "Skjöl" hér til hliðar) Þegar búið er að hlaða upp skrá þá þarf að smella á "Import now" til að stofna nemendur í kerfinu.

There are uploaded files that have not yet been imported

Nafn	Uploaded By	Uploaded	Imported
Nemendur-innlestur-dæmi.xlsx	Prufa Ský	18-09-2023	Import Now Eyða

1 - 1

Hlaða upp



Þegar smelt er á „Import now“ birtast gögnin úr fyrstu línunum í skránni á skjánum svo hægt er að sjá hvort kerfið sé að lesa gögnin rétt þ.e. að réttar upplýsingar eru í réttum dálkum. Ef upplýsingarnar eru réttar smellið þá á „Import“.

Ath. Ef fyrsta línan inniheldur heiti dálkanna þá þarf að haka við „Do not import the first row of this file, it contains headers“

Nemendur
Umsjónarmenn
Import files
Export files
Skjöl
Tölfræði

Hlaða inn skrá

The first 5 rows of your CSV File are displayed below. Please verify that your data is correctly parsed before importing.

Row #	Bekkur	Aldurshópur	Fornafn	Eftirnafn	Kyn
1	Bekkur	Aldurshópur	Fornafn	Eftirnafn	Kyn
2	1.AB	1	Anna	Baldursdóttir	kona
3	2.BD	2	Baldur	Dagsson	karl
4	3.DE	3	Davíð	Einasson	karl
5	4.EF	4	Elín	Finnsdóttir	kona

Do not import the first row of this file, it contains headers

Import **Hætta við**

Þegar nemendur hafa verið vistaðir inn í kerfið er hægt að skoða þá með því að smella á „Nemendur“ vinstra megin og þá ættu þeir allir að birtast þar í listanum.

Ef það þarf að lagfæra nemendur sem lesnir voru inn er hægt að velja „Undo import“ til að eyða þeim og lesa skrána inn aftur þegar búið er að laga það.

Nemendur
Umsjónarmenn
Import files
Export files
Skjöl
Tölfræði

Import files

Nafn	Uploaded By	Uploaded	Imported	
Nemendalisti.xlsx	Prufa Ský	29-10-2019	29-10-2019	Undo Import

Hlaða upp



Skrá nemendur handvirkt

Til að skrá nemendur handvirkt inn í kerfið er valið „Nemendur“, smeltt á hnappinn „Nýtt“ og upplýsingar um nemanda skráðar og vistaðar.

The screenshot shows the 'Ský-skólinn' interface. On the left, a sidebar menu has 'Nemendur' highlighted. The main content area shows a 'Nemendur' section with a 'Nýtt' button highlighted by a red arrow. A modal window titled 'Skrá nemanda' is open, containing the following fields:

Fornafn	Gunna
Eftirnafn	Jónsdóttir
Notandanafn	sky_nem1
Lykilorð	abc123
Kyn	Kona
Fæðingardagur	
Bekkur (hópur)	1. SK
Þyngdarstig	2

At the bottom of the modal are 'Vista' and 'Hætta við' buttons. A red arrow points from the 'Nýtt' button to the modal.

Hægt að stofna „tóma“ nemendur í kerfinu í stað þess að stofna nemendur með nafni. Þá þurfa nemendurnir sjálfir að skrá inn upplýsingar um sig þegar þeir skrá sig inn í kerfið með því notendanafni og lykilorði sem þeim er úthlutað. Þessi leið getur valdið verulegum ruglingi og ekki mælt með að nota hana nema til að eiga til vara nokkra „tóma“ nemendur ef eitthvað kemur uppá þegar áskorunin hefst.

This screenshot shows the same 'Ský-skólinn' interface. The 'Nemendur' section is visible, and the 'Búa til "tóma" notendur' button is highlighted with a red arrow. The sidebar menu and other elements are the same as in the previous screenshot.



Undirbúningur fyrir áskorun

Sækja lista með notandanöfnum og lykilorðum fyrir nemendur

Smellið á „Nemendur“ í valmyndinni vinstra megin til að fá upp listann yfir nemendur. Neðst í listanum er hnappurinn „Hlaða niður XLS skrá“. Ef smellt er á hann þá er sótt excel-skrá sem inniheldur allar skráðar upplýsingar um nemendur ásamt notandanafni og lykilorði. Þetta er hægt að gera hvenær sem er áður en að áskorunin byrjar ef nemendalistinn er tilbúinn. (Mælt er með að gera þetta tímanlega en ekki á síðustu stundu ef eitthvað fer úrskeiðis eða kalla þarf eftir aðstoð.)

Nemendur
Umsjónarmenn
Import files
Export files
Skjöl
Tölfræði

Nemendur

Nafn
Notandanafn
Bekkur (hópur)
Aldurshópur

Aðeins sýna mína nemendur

Nýtt Búa til "lóma" notendur

Nafn	Notandanafn	Bekkur (hópur)	Aldurshópur	Kyn	Created by	Bebras áskorunin 2019 - íslenskar spurningar
Anna Baldursdóttir	abaldursdottir	1.AB	1	Kona	Prufa Ský	Ekki tekið þátt Eyða
Baldur Dagsson	bdagsson	2.BD	2	Karl	Prufa Ský	Ekki tekið þátt Eyða
Davíð Einasson	deinasson	3.DE	3	Karl	Prufa Ský	Ekki tekið þátt Eyða
Elín Finnsdóttir	efinnsdottir	4.EF	4	Kona	Prufa Ský	Ekki tekið þátt Eyða
Fjóra Gerðardóttir	fgerdardottir	5.FG	5	Kona	Prufa Ský	Ekki tekið þátt Eyða
Gunnar Hansson	ghansson	6.GH	6	Karl	Prufa Ský	Ekki tekið þátt Eyða
Nemandi Prufa	Nemandi	5.ÖV	7	Óþekkt	Prufa Ský	Ekki tekið þátt Eyða
Halla Ingvadóttir	hingvadottir	7.HI	7	Kona	Prufa Ský	Ekki tekið þátt Eyða
Ingj Jónsson	ijonsson	8.IJ	8	Karl	Prufa Ský	Ekki tekið þátt Eyða
Jónas Karlsson	jkarlsson	9.JK	9	Karl	Prufa Ský	Ekki tekið þátt Eyða
Klara Lárusdóttir	klarusdottir	10.KL	10	Kona	Prufa Ský	Ekki tekið þátt Eyða
Leifur Magnússon	lmagnusson	UPPT-1	11	Karl	Prufa Ský	Ekki tekið þátt Eyða
María Nielsdóttir	mnielsdottir	UPPT-1	12	Kona	Prufa Ský	Ekki tekið þátt Eyða

Hlaða niður CSV skrá **Hlaða niður XLS skrá**

Afhendið nemendum notandanafnið og lykilorðið stuttu áður en að áskorunin byrjar til að nemendur geti skráð sig inn í kerfið.

Prófa vefsíðu Bebras

Prófið slóðina www.bebas.is tímanlega áður en áskorunin hefst.

Ganga þarf úr skugga um að tölvur, vefþjónn, vírusvörn eða vefsía skólans hindri ekki aðgang að vefsíðu Bebras.



Upphaf áskorunar

Gætið þess að nemendur vinni sjálfstætt og hafi hver sína tölvu. Þeir þurfa að hafa upplýsingar um notandanafnið sitt og lykilorð áður en áskorunin hefst.

Allir þátttakendur mega nota blað, blýant og vasareiknivél (ekki nauðsynlegt).

Ef nemendur taka áskorunina á mismunandi dögum þá þarf að passa að nemendur taki ekki gögn með sér út úr stofunni.

Beinið nemendum inn á vefslóðina www.bebbras.is og tryggið að allir nemendur skilji hvernig eigi að skrá sig inn með notandanafni og lykilorði og hvernig hefja á áskorunina.



Nemendur velja þá áskorun (íslensku eða ensku) sem þeir ætla að taka þátt í og velja sinn aldursflokk. Ef búið er að skrá þyngdarstig á nemendur á nemendur þá geta þeir bara valið ákveðinn aldursflokk.

Klukkan byrjar ekki að tifa fyrr en smellt er á „Byrja“ þannig að það er í lagi að nemendur skrái sig inn tímanlega.




Allir fá 45 mínútur í upphafi áskorunar og kerfið sýnir nemendum hversu mikinn tíma þeir eiga eftir.



Vinstra megin er yfirlit yfir allar spurningarnar sem þátttakandi fær. Það er blóm fyrir framan þær spurningar sem búið er að svara og ör fyrir framan þá spurningu sem verið er að vinna í.

ATH. Í sumum spurningum þarf að smella á „**Vista svar**“ til að vista svarið.

Til að enda áskorunina er smellt á **ENDA ÁSKORUN** neðst vinstra megin og þá þarf að staðfesta með því að svara **JÁ**, annars er svörum nemenda ekki skilað inn.





Eftir áskorunina

Hægt er að sækja niðurstöður áskorunarinnar nokkrum dögum eftir að henni er lokið og er sendur tölvupóstur þegar niðurstöður liggja fyrir.

Til að sækja niðurstöðu áskorunarinnar þarf að skrá sig inn á stjórnendasíðu Bebras www.bebas.is/admin og smella á „Export files“ í valmyndinni vinstra megin.

Þar birtist lína með heitinu „Niðurstaða [heiti áskorunar]“ og til að sækja niðurstöðurnar í excel skrá er smellt á hnappinn „Hlaða niður XLS skrá“.

The screenshot shows the Bebras administration interface. At the top, there is a navigation bar with 'Ský-skólinn', 'Aðgangsupplýsingar', and 'Útskrá'. Below this is a header for 'Ský-skólinn'. The main content area is divided into two columns. The left column contains a form for user information, including fields for 'Nafn', 'Heimilisfang 1', 'Póstnúmer', 'Borg/bær', 'Svæði', 'Tegund skóla', and 'Skólahópur'. Below the form is a 'Breyta' button. The right column is titled 'Export files' and contains a table with two rows. The first row is 'All students from Ský-skólinn.csv' with buttons for 'Hlaða niður CSV skrá' and 'Hlaða niður XLS skrá'. The second row is 'Niðurstaða Bebras áskorun' with buttons for 'Hlaða niður CSV skrá', 'Hlaða niður XLS skrá', 'Download testimonials', and 'Download testimonials DIY'. A red box highlights the 'Export files' button in the left column, and a red arrow points to the 'Hlaða niður XLS skrá' button in the second row of the table.

Nemendur munu áfram geta skráð sig inn í kerfið til að skoða eigin svör.

Eftir að áskoruninni er lokið verður hægt að svara spurningum í skoðunarham til að æfa sig en svörin vistast ekki.

Hægt verður að nota kerfið á þann hátt eftir að áskorun lýkur og fara í gegnum áskorunina með nemendum þegar svarbæklingur hefur borist og einkunnir liggja fyrir. Þannig geta þau skoðað og fengið útskýringu á hvað tengist tölvuhugsun í spurningunni og hvað þau gerðu rétt eða rangt.



Spurningar og svör

Hvað gerist ef nemandi rennur út á tíma og tímamörkum náð?

Ef tímamörkum er náð þá vistast allar spurningar sjálfkrafa hjá nemanda og áskorun lýkur.

Hvað á að gera ef tölva nemandans hrynur eða frýs?

Færðu nemandann yfir í aðra tölvu, láttu hann skrá sig inn aftur og halda áfram. Ef þú ert með varatölvu tilbúna ætti þetta að valda mjög litlu tímatapi.

Hvað á að gera ef t.d. netið fer niður eða brunabjöllurnar fara í gang á meðan áskoruninni stendur?

Það er hægt að láta núllstillta áskorunina hjá nemendum og byrja aftur. Sendið okkur lista yfir notendanöfn þeirra nemenda sem á að núllstillta.

Hvenær liggja niðurstöður úr áskoruninni fyrir?

Niðurstöður úr áskoruninni liggja fyrir nokkrum dögum eftir að áskoruninni lýkur og fá umsjónarmenn sendan tölvupóst.

Hvernig sjá nemendur niðurstöður þegar þær birtast?

Þegar niðurstöður liggja fyrir geta nemendur skráð sig aftur inn á www.bebras.is, skoðað stigagjöfina, farið yfir svörin sín og endurtekið áskorunina – í skoðunarham. Kennari getur einnig sótt niðurstöðurnar og dreift til nemenda.

Geta nemendur fengið upplestur á verkefninu?

Í Google Chrome vafranum er hægt að setja upp viðbót (e. extension) sem heitir „Read Aloud“. Þar er boðið upp á að velja tvær „íslenskar raddir“: Amazon Icelandic (Dora) og Amazon Icelandic (Karl). Ef þessi viðbót er uppsett getur nemandi smellt á Read Aloud táknið 🗣️ í vafranum og fengið textann í verkefninu lesinn upp.



Tengiliður og spurningar

Ef þið hafið einhverjar spurningar eða ábendingar þá ekki hika við að hafa samband í gegnum sky@sky.is

Ef eitthvað kemur upp á meðan áskorunin er í gangi þá látið okkur endilega vita og við reynum að hjálpa eftir bestu getu. Símanúmer 553 2460 eða senda póst á sky@sky.is

Gaman væri að fá sendar ljósmyndir og heyra hvernig gekk 😊



[BEBRAS tölvuáskorunin á Íslandi](#)